



## Atvinnuleysi minnkaði lítillega milli mánaða í febrúar

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var almennt skráð atvinnuleysi í febrúar 11,4% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði minnkað úr 11,6% frá því í janúar. Um 25.700 manns voru á atvinnuleysisrá í febrúar, þar af um 21.400 atvinnulausir og um 4.300 atvinnulausir í minnkuðu starfshlutfalli.

Atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleið var 1,1% og minnkaði einnig milli mánaða. Heildaratvinnuleysi í febrúar var því 12,5% samanborið við 12,8% í janúar og minnkaði þannig um 0,3 prósentustig.


Almennt atvinnuleysi jókst nær stöðugt allt árið í fyrra og tengdust sveiflur í því að mestu hlutabótaleiðinni síðastliðið vor, en sú stærð hefur verið tiltölulega stöðug frá því í sumar.

Almennt er reiknað með að atvinnuleysi minnki þegar líður á árið 2021 en sú þróun er auðvitað háð hraða bólusetninga og því að tók náist á faraldrinum þannig að landið opnast meira. Okkar möguleikar í því sambandi eru reyndar líka mjög háðir sömu baráttu í helstu viðskiptalöndum okkar. Vinnuálastofnun spáir því að áfram dragi úr almennu atvinnuleysi í mars og að það verði á bilinu 10,9% til 11,3%. Er því líklegt að hámarkinu hafi verið náð. Atvinnuleysið var hins vegar 5% í janúar 2020 og því langt í land þar til svipuðu atvinnuleysisstigi verði aftur náð.

### Suðurnesin orðið langverst úti


Almennt atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu í febrúar nema á Austurlandi, þar sem það var óbreytt. Minnkunin var mest á Norðurlandi eystra, um 0,6 prósentustig. Almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum var 24% í janúar og minnkaði um 0,5 prósentustig. Þar var hlutabótaatvinnuleysi 1,5% og atvinnuleysi því samtals 25,4%. Almenna atvinnuleysið þar er því rúmlega tvöfalt meira en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem það var næst mest, eða um 11,4%. Þriðja mesta atvinnuleysið var á Suðurlandi, 10,7%. Minnsta atvinnuleysið var á

Atvinnuleysi 2020 og 2021



Heimild: Vinnuálastofnun

Almennt atvinnuleysi í janúar og febrúar 2021



Heimild: Vinnuálastofnun



Vestfjörðum og Norðurlandi vestra eins og verið hefur.

### Atvinnuleysi kynjanna svipað í heild

Á síðustu árum hefur atvinnuleysi kynjanna þróast með svipuðum hætti sé litið á landið allt. Í fyrra var meðalatvinnuleysi bæði karla og kvenna 7,9%, en árin tvö þar á undan var atvinnuleysi kvenna 0,2-0,3 prósentustigum hærra en hjá körlum. Fyrstu tvo mánuði ársins 2021 hefur atvinnuleysi karla verið 12,2% á meðan það var 11,8% meðal kvenna, þannig að munur á atvinnuleysi kynjanna kann að vera að aukast samhliða því sem atvinnuleysi minnkar.

### Staða kynjanna mismunandi eftir svæðum


Atvinnuleysi karla var meira en meðal kvenna í febrúar alls staðar nema á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra. Atvinnuleysi kvenna var 30% meira en karla, bæði á Austurlandi og Vesturlandi, þar sem munurinn var mestur.

Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum var 22% meira en meðal karla á svæðinu. Atvinnuleysi meðal kvenna þar var hins vegar 28,5% og hefur aldrei verið hærra. Atvinnuleysi meðal kvenna á Suðurnesjum jókst úr 27,3% í janúar. Þessar tölur eru þær hæstu sem sést hafa um atvinnuleysi hér á landi.

### Ástæða til bjartsýni


Eins og áður segir lítur út fyrir að hámarki hafi verið náð varðandi atvinnuleysi í þessari kreppu. Óvissan er engu að síður mikil áfram og þar skiptir árangur í bólusetningum og framgangur faraldursins í okkar helstu viðskiptalöndum verulegu máli.

Atvinnuleysi karla og kvenna



Heimild: Vinnuálastofnun

Atvinnuleysi eftir kynjum og svæðum - febrúar 2021



Heimild: Vinnuálastofnun, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.